

Mars 2019

Skýrsla um greiðslur fjarskiptafyrirtækja o.fl. vegna alþjónustu fyrir árið 2017



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	2
1.1. Almenn	2
1.2. Alþjónusta	2
1.3. Um fjárframlag vegna alþjónustu	4
1.3.1. Álagningarprósenta jöfnunargjalds.....	5
1.4. Markaðsávinningur og fl.	6
1.5. Umsóknir um framlög vegna ársins 2017.....	7
2. Yfirlit yfir álagningu á fjarskiptafyrirtæki.....	8
2.1. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2017.....	8
2.2. Yfirlit yfir greiðslur o.fl.....	9

1. Inngangur

1.1. Almenn

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga vegna alþjónustu er innheimt jöfnunargjald sem rennur í ríkissjóð. Ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til jöfnunarsjóðs alþjónustu sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af jöfnunargjaldi, sbr. 22. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, sbr. 29. gr. laga nr. 47/2018. (hér eftir fjarskiptalög). Í greinargerð með frumvarpinu er breytingunni lýst með eftirfarandi hætti.:

„Jöfnunargjaldi, sem greitt er í jöfnunarsjóð í vörslum Póst- og fjarskiptastofnunar, er ætlað að standa undir fjárframlögum til að tryggja alþjónustu samkvæmt ákvörðunum stofnunarinnar. Hér er lagt til að gjaldið, sem hingað til hefur runnið í jöfnunarsjóð, renni í ríkissjóð og viðkomandi verkefni verði fjármögnuð með framlagi í fjárlögum. Það leiðir af skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum að einungis er heimilt að nýta fjármuni sem innheimtast samkvæmt þessum gjaldstofni í verkefni sem getið er í VI. kafla laga um fjarskipti. Við framkvæmd fjárlaga hvers árs ber að hafa þessar skuldbindingar í huga, en ella kann að stofnast endurgreiðslukrafa á hendur ríkissjóði, þ.e. sé gjaldinu ráðstafað úr ríkissjóði í aðra málaflokka.“

Í þeirri skýrslu sem hér birtist hefur verið tekið mið af þessum breytingum og þar sem áður fyrr hafi verið talað um jöfnunarsjóð í fyrri skýrslum PFS er nú talað um ríkissjóð. Fyrir gildistöku laganna var einnig tekið mið af ákvæðum laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og tekjur vegna álagningu jöfnunargjalds færðar í ríkissjóð í stað þess að vera færðar í jöfnunarsjóð alþjónustu.

Samkvæmt 6. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga skal PFS birta upplýsingar um útreikning kostnaðar vegna alþjónustukvaða, sundurliðaðan lista yfir einstakar greiðslur fyrirtækja á jöfnunargjaldi í ríkissjóð og skrifa greinargerð um þann ávinning sem stofnunin telur að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu hafi haft af því að veita þjónustuna. PFS birtir nú í ellefta sinn yfirlitsskýrslu um framlög fjarskiptafyrirtækja í ríkissjóð, ásamt yfirliti yfir þær skuldbindingar sem fallið hafa á ríkissjóð. Að þessu sinni tekur skýrslan til ársins 2017.

1.2. Alþjónusta

Við afnám einkaréttar á fjarskiptaþjónustu þann 1. janúar 1998, varð til nýtt hugtak í fjarskiptarétti svokölluð alþjónusta. Með alþjónustu er leitast við að jafna aðgang landsmanna að tiltekinni lágmarks fjarskiptaþjónustu óháð búsetu. Núgildandi reglur um alþjónustu eru í VI. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003 og í reglugerð um alþjónustu nr. 1356/2007.

PFS er heimilt að útnefna einn aðila eða fleiri til þess að bjóða alþjónustu á ákveðnum svæðum eða eftir þjónustutegundum.

Eftirfarandi þjónusta er nú skilgreind sem alþjónusta, sbr. 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga, sbr. 4. gr. reglugerðar um alþjónustu:

- Almenn talsímaþjónusta
- Handvirk þjónusta (aðstoð talsímavarðar)
- Þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir
- Gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningshraða
- Aðgangur að símaskrá með öllum símanúmerum og upplýsingaþjónusta um öll símanúmer
- Almennings símar
- Aðgangur að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala¹

Með ákvörðunum PFS nr. 30/2013 var það niðurstaða stofnunarinnar að ekki væri ástæða til að fella á alþjónustuskyldur í tengslum við aðgang að talsímaþjónustu, aðgang að gagnaflutningsþjónustu og reksturs almennings síma. Í sömu ákvörðun var hins vegar viðhaldið útnefningu Mílu ehf. til að veita tengingu við almenna fjarskiptanetið. Þeirri skyldu hefur verið viðhaldið. Núgildandi ákvörðun er nr. 31/2017, „Útnefning Mílu með skyldu til að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið. Útnefningin gildir til 31. desember 2020 með möguleika til framlengingar til 31. desember 2022. Skyldum Mílu er lýst með eftirfarandi hætti í ákvörðunarorðum:

„1. Skylda til að útvega aðgang að tengingu

Míla ehf. skal útvega og viðhalda aðgangi að tengingu lögheimila og vinnustaða við almenna fjarskiptanetið um nettengipunkt, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um alþjónustu, nr. 1356/2007, sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. fjarskiptalaga nr. 83/2003 og bera við það kostnað innan þeirra marka sem nemur ósanngjarnri byrði að teknu tilliti til markaðsávinninga, en þó að hámarki 650.000 kr. (án vsk.) fyrir hverja heimtaug.

Ef áætlaður kostnaður er meiri en 650.000 kr. (án vsk.) skal Míla ehf. verða við beiðnum um aðgang, ef umsækjandi samþykkir að greiða þann kostnað sem er umfram 650.000 kr., auk almenns stofngjalds samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitandans.

2. Landfræðileg afmörkun

Útnefningin nær til landsins alls, með þeim undantekningum sem fram koma í eftirfarandi tölulíðum.

2.1. Sveitarfélög sem tilgreind eru í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 11/2017 um afmörkun á alþjónustuskyldum Mílu ehf.

¹ Með 3. gr. laga nr. 72/2018, voru gerðar breytingar á inntaki alþjónustu í 3. mgr. 19. gr. Ákvæðið hljóðar nú svo:

„Til alþjónustu telst m.a. símaþjónusta og þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar samfélagslegar þarfir og gagnaflutningsþjónusta sem tryggir nothæfa internetþjónustu. Þjónustutegundir alþjónustu eru ekki bundnar tiltekinni tækni.] 1) Póst- og fjarskiptastofnun skal enn fremur tryggja að notendur hafi aðgang að a.m.k. einni símaskrá með öllum símanúmerum og upplýsingaþjónustu um öll símanúmer. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja kvaðir á fjarskiptaþyrirtæki um að setja upp og starfrækja almennings síma og getur ákveðið staðsetningu þeirra.“

2.2 Mílu er heimilt að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um að félagið beri ekki lengur skylda til að veita alþjónustu innan tiltekins sveitarfélags, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a. Hið staðbundna net í sveitarfélagi hefur a.m.k. 90% útbreiðslu til lögheimila og vinnustaða með heilsárs atvinnustarfsemi innan þess.
- b. Tengihlutfall staðfanga (lögheimili/vinnustaðir) við net Mílu ehf. innan sveitarfélagsins er komið undir 50%.

Ef Póst- og fjarskiptastofnun gerir ekki athugasemd við tilkynninguna innan tveggja mánaða frá móttöku hennar frá Mílu telst hún samþykkt.

3. Tilkynningarskylda

Ef Míla hyggst hætta að veita fjarskiptaþjónustu undir formerkjum alþjónustu ber fyrirtækinu að tilkynna viðsemjendum sínum um fyrirætlun sína með a.m.k. 6. mánaða fyrirvara, ef fyrirtækið hyggst loka aðgangsnnetinu í viðkomandi sveitarfélagi.

4. Útnefningartímabil

Útnefning þessi gildir frá birtingu ákvörðunar til og með 31. desember 2020. Heimilt er að framlengja útnefningartímabilið til 31. desember 2022 með tilkynningu stofnunarinnar til Mílu þar að lútandi.

5. Áskilnaður um breytingar

Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér rétt til að taka ákvörðunina upp á ný, ef forsendur breytast verulega, t.d. með nýrri lagasetningu og/eða breytingar á reglugerð um alþjónustu nr. 1356/2007.

Þá er enn í gildi ákvörðun PFS nr. 17/2009 um skyldu Neyðarlínunnar til að veita alþjónustu vegna aðgangs að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala (neyðarsvörun) á sviði talsímþjónustu. Útnefningin gildir á meðan Neyðarlínan ohf. er með samning við samgönguráðuneytið um rekstur vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar, sbr. 8. gr. laga um samræmda neyðarsvörun nr. 40/2008.

1.3. Um fjárframlag vegna alþjónustu

Fjarskiptafyrirtæki sem á hafa verið lagðar alþjónustuskýldur geta sótt um framlag til PFS.

Til að standa straum af fjárframlagi til fjarskiptafyrirtækja er innheimt jöfnunargjald á bókfærða veltu fjarskiptafyrirtækja sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu.

Jöfnunargjald sem skattstjórar leggja á og innheimta af fjarskiptafyrirtækjum er svokallaður veltuskattur, sbr. 22. gr. fjarskiptalaga.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga kveður á um gjaldstofn jöfnunargjalds, álagningarprósentu og endurskoðunarhlutverk PFS. Ákvæðin hljóða svo:

„Skal jöfnunargjald lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 0,10% af bókfærði veltu skv. 2. mgr. Skal fjárförf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir ráðherra...“

Ofangreint ákvæði felur í sér skattlagningarheimild og skilgreinir gjaldanda, skatthlutfallið og skattstofninn. Skattstofninn er bókfærð velta, þ.e. rekstrartekjur af fjarskiptastarfsemi hér á landi.

1.3.1. Álagningarprósenta jöfnunargjalds

Á árinu 2017 var álagningarprósenta jöfnunargjalds 0,10% af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja.

Um álagningu og innheimtu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VII.-XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Samkvæmt 3. mgr. 22. gr. skal fjárförf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirra endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf fyrir, lögð fyrir ráðherra. Með bréfi, dags. 29. maí 2017 lagði PFS tillögu fyrir ráðuneytið um hækkun á gjaldhlutfalli jöfnunargjalds. Um þetta segir í bréfi PFS:

„... um inntak alþjónustu í 19. gr. fjarskiptalaga og í reglugerð nr. 1356/2007, en samkvæmt 5. töluliðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar telst aðgangur að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala til alþjónustu.

Á grundvelli þessa hefur Neyðarlínan, sem annast neyðarsímsvörun hér á landi, fengið árlegt framlag úr jöfnunarsjóði til að bæta þann kostnað sem hlýst af neyðarsímsvöruninni. Um nokkurt árabil hefur legið fyrir að núverandi gjaldhlutfall stæði ekki undir árlegum framlögum til Neyðarlínunnar, þ.e. munurinn hefur skeikað á u.þ.b. 10 milljónum kr. á ári, en hefur farið hækkandi með verðlagsbreytingum. Þetta hefur þó ekki komið að sök á umræddu tímabili þar sem sjóðurinn hefur átt inneign til að mæta þessu misvægi á tekjum og útgjöldum sjóðsins. Nú hyllir hins vegar undir að inneign sjóðsins verði uppurinn. Ljóst er að hækka þurfi gjaldhlutfall þess jöfnunargjalds sem fjarskiptafyrirtækjum er gert að greiða í jöfnunarsjóð alþjónustu.

Samkvæmt 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga skal fjárförf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir ráðherra. Með vísan til þessa ákvæðis telur Póst- og fjarskiptastofnun nauðsynlegt að hækka gjaldhlutfall alþjónustu úr 0,10% af bókfærðri veltu af fjarskiptastarfsemi upp í 0,15%.

Til að koma í veg fyrir viðvarandi neikvæða stöðu jöfnunarsjóðs alþjónustu þyrfti Alþingi að samþykkja slíka hækkun fyrir áramót þannig að hægt sé að innheimta hækkad framlag fyrir allt árið 2018 í þeirri álagningu sem fram fer árið 2019.

Í meðfylgjandi skjali er að finna yfirlit yfir framlög úr sjóðnum og tekjur til sjóðsins á undanförunum árum, auk spár til næstu ára um útgjöld og tekjur sjóðsins miðað við hækkad gjaldhlutfall upp í 0,15%. Eins og sjá má á yfirlitinu mun staða sjóðsins verða tímabundið neikvæð um 5,7 milljónir kr. árið 2019, en rétta síðan úr kútnum eftir það, ef brugðist er við nú með hækkun jöfnunargjaldsins, þ.e. fyrir árslok 2017. Ella er fyrirséð að halli sjóðsins muni halda áfram eftir það og aukast um u.þ.b. 12-15 milljónir kr. á ári, nema að Póst- og fjarskiptastofnun gripi til þeirra aðgerða að skerða framlög til Neyðarlínunnar vegna neyðarsímsvörunar.

Með bréfi, dags. 29. desember 2017, barst svar ráðuneytisins við tillögu PFS, þar sagði m.a.:

„Í framhaldi af erindi stofnunarinnar voru drög að frumvarpi um hækkun gjaldhlutfalls alþjónustu lögð til umsagnar á vef ráðuneytisins. Meðal umsagna sem bárust var erindi frá Samtökum iðnaðarins, þar sem dregið var í efa lögmæti þess að greiða rekstur Neyðarlínunnar úr jöfnunarsjóði alþjónustu sem væri fjármagnaður af fjarskiptafyrirtækjum hér á landi. Vísað er til þess að í lögskýringargögnum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 40/2008 um samræmda neyðarsímsvörun, komi fram að fallið skyldi frá því fyrirkomulagi að jöfnunargjald yrði notað til að greiða kostnað við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar, heldur skuli kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðva greiðast úr ríkissjóði og af þeim tekjum sem vaktstöð hefur af þjónustu sinni.

Þrátt fyrir að regluverk á sviði fjarskipta geri ráð fyrir þeim möguleika að fjárframlög séu veitt úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna neyðarsímsvörunar, telur ráðuneytið þetta ósamræmi tilefni til þess að endurskoða regluverk það sem liggur til grundvallar fjárveitingum úr jöfnunarsjóði alþjónustu, sbr. lög nr. 81/2003 um fjarskipti. Ráðuneytið telur því ekki forsendur fyrir því að frumvarp til hækkunar gjaldhlutfalls alþjónustu verði lagt fram á Alþingi að svo stöddu.“

Með hliðsjón af ofangreindu svari ráðuneytisins var því ljóst að jöfnunargjaldgjald sem í dag er lagt á fjarskiptafyrirtæki mun, til framtíðar, ekki standa undir þeim skyldum sem hvílt hafa á sjóðnum lögum samkvæmt. Ætla verður, að óbreyttu, að ríkissjóður komi til með að greiða það sem upp á vantar við útgreiðslu á alþjónustuframlagi hvers árs.

1.4. Markaðsávinningur og fl.

Með lögum nr. 78/2005 var 21. gr. fjarskiptalaganna breytt á þann veg að ef fjarskiptafyrirtæki telur að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 20. gr., sé rekin með tapi og ósanngjörn byrði á fyrirtækinu geti það sótt um til PFS að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. PFS skal við útreikninga á kostnaði við alþjónustu m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita

þjónustuna. Í 11. gr. reglugerðar nr. 1356/2007 um alþjónustu eru settar nánari leiðbeiningar varðandi útreikning á kostnaði við alþjónustu.

Í 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um rétt alþjónustuveitanda til að sækja um fjárframlög ef það tap sem er á þjónustunni er ósanngjörn byrði á fyrirtækinu. Þá er í 2. mgr. kveðið á um fyrir hvaða tíma þarf að vera búið að sækja um fjárframlög og í 3. mgr. er kveðið á um hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn um fjárframlag.

- greinargóð lýsing á þeirri starfsemi sem sótt er um framlag fyrir.
- nákvæmar upplýsingar um hvert rekstrartapið af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.
- greinargerð um á hvern hátt rekstrartapið er ósanngjörn byrði á fjarskiptafyrirtækinu.
- upplýsingar um hvernig bókhaldslegum aðskilnaði er háttað hjá fyrirtækinu, sbr. 6. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga.

1.5. Umsóknir um framlög vegna ársins 2017.

Með ákvörðun PFS nr. 4/2017 var Neyðarlínunni ákvarðað framlag úr sjóðnum fyrir árið 2017 að upphæð 64.763.629 kr. og eru þetta einu skuldbindingarnar sem féllu á sjóðinn á árinu 2017.

Með ákvörðun PFS nr. 8/2017, „*frávísun á umsókn Mílu um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu*“ var beiðni Mílu um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu tekin fyrir. Með ákvörðun PFS nr. 25/2018 var Mílu ákvarðað tiltekið framlag vegna alþjónustuskyldna sem hvíla á fyrirtækinu.²

² Nánar verður gert grein fyrir ákvörðuninni í skýrslu PFS fyrir árið 2018.

2. Yfirlit yfir álagningu á fjarskiptafyrirtæki

Neðangreindar upplýsingar eru unnar úr gögnum frá Fjársýslu ríkisins og sýna álagningu, breytingar, afskriftir, innheimtu og eftirstöðvar fyrir árið 2017.

2.1. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2017

Tafla 1

Kennitala	Nafn	Eftirst. 2016	Álagning 2017	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Eftirst. 2017
450314-1020	1819 - Nýr valkostur ehf.	0	194.373			(194.373)	0
480702-2390	365 miðlar hf.	498.360	2.085.462			(2.108.295)	475.527
590269-7199	Advania hf.	0	106.666	(23.400)		(83.266)	0
650612-1160	Austurjós ehf.	5.000	5.108	(6.903)		(3.205)	0
690197-3169	Ábótinn ehf.	0	17.571	7.846		(25.417)	0
540710-1120	Backbone ehf.	5.254	26.260	(4.447)		(10.205)	16.862
481188-1219	Brinrún ehf.	0	7.599			(7.599)	0
580204-3090	BT Solutions Ltd, útibú Íslandi	0	71.978			(69.586)	2.392
611013-0780	Caze ehf.	10.000	14.375	(24.375)			0
460709-0160	Datacell ehf.	872	1.301			(2.173)	0
450307-1810	Davið og Goliát ehf.	3.025	106.177	104.021		(163.535)	49.688
620399-2219	DVD-Margmiðlun ehf.	0	26.271			(26.271)	0
690393-2989	Eignafélag Tölvunar ehf.	0	547			(547)	0
671011-0660	Emerald Networks ehf.	10.000		(10.000)			0
470200-2780	Equant á Íslandi ehf.	0	7.682			(7.682)	0
580902-2190	Farice ehf.	0	1.852.678			(1.852.678)	0
570114-1070	Fjarskiptafélag Skagabyggð ehf.	0	1.584			(1.584)	0
450712-0510	Fjarskiptafélag Skeiða og Gehf	0	7.025			(7.025)	0
470905-1740	Fjarskipti ehf.	0	9.063.717			(9.063.717)	0
570899-2289	Fjölmet hf.	0	42.713			(42.713)	0
650414-1520	Gagnaveita Helgafellssveit ehf.	0	933			(933)	0
410801-2480	Gagnaveita Hornafjarðar ehf.	0	4.265			(4.265)	0
691206-3780	Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	0	1.818.412			(1.818.412)	0
520911-1620	Gagnaveita Suðurlands ehf.	0	26.357			(26.357)	0
580210-0150	Gagnaveitan ehf.	0	16.909			(16.909)	0
641193-2249	Global Mission Network ehf.	5.481	34.202			(11.957)	27.726
560608-2090	GlobalCall ehf.	0	72.237			(72.237)	0
490413-2510	Halló ehf.	0	4.150			(4.150)	0
551100-3240	Hátíðni hf.	28.805	22.965	(287)		(1.153)	50.330
640309-0670	Hringdu ehf.	0	640.329			(640.329)	0
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.	0	118.941			(118.941)	0
620600-3690	IMC Ísland ehf.	0		72.855		(72.855)	0
660595-2449	Internet á Íslandi hf.	0	289.653			(243.309)	46.344
550210-0370	Isavia ohf.	0	31.923			(31.923)	0
631210-0660	K360E ehf.	10.000		(10.000)			0
680314-1010	Lif í Mýrdal ehf.	0	2.204			(2.204)	0
550609-0290	Ljós og gagnaleiðari ehf.	0	1.232			(1.232)	0
710304-3940	Magnavík ehf.	0	20.382			(20.382)	0
520491-1209	Málræktarsjóður	0	38			(38)	0
460207-1690	Míla ehf.	0	5.558.737			(5.558.737)	0
451101-2930	Nepal hugbúnaður ehf.	0		32.181		(32.181)	0
520213-0660	Netvarpið ehf.	40.579		(40.579)			0
690416-3520	Nordic Networks ehf.	0	9.400			(9.400)	0
531205-0810	Nova ehf.	0	6.065.202			(6.065.202)	0
430504-2660	Opex ehf.	15.774		65.384		(81.158)	0
530292-2079	Origo hf.	0	176.906			(176.906)	0
561000-3520	Orkufjarskipti hf.	0	448.002			(448.002)	0
560305-1410	Radíó ehf, íslensk fjarskipti	0	1.480			(1.480)	0
420703-2360	Radíóvík ehf.	0	189	885		(1.074)	0
440789-5529	Rafey ehf.	0	4.830			(4.830)	0
600307-0450	Ríkisútvarpið ohf.	0	119.364			(119.364)	0
470808-0550	Simafélagið ehf.	0	633.857			(633.857)	0
460207-0880	Siminn hf.	0	16.770.329			(16.770.329)	0
500269-6779	Siminn hf.	0		(1.071.121)		1.071.121	0
430197-2319	Snerpa ehf.	10.027	57.399			(67.426)	0
660809-1550	SPL ehf.	16.379		(16.379)			0
660702-2880	Tengir hf.	0	310.282			(310.282)	0
700895-2549	TRS ehf.	0	24.998			(24.998)	0
571201-2670	TSC ehf.	0	7.409			(7.409)	0
411199-2749	Þekking - Tristan hf.	0	65.903			(65.903)	0
		659.556	46.998.506	(857.361)	(66.958)	(46.064.874)	668.869

2.2. Yfirlit yfir greiðslur o.fl.

Í töflu 2 er yfirlit yfir álagningu, breytingu, afskriftir, innheimtu og stöðu hvers árs:

Tafla 2

Ár	Est. í ársb.	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Est. í árslok
Árið 2000		13.931.078			(9.818.302)	4.112.776
Árið 2001	4.112.776	14.860.992			(6.596.238)	12.377.530
Árið 2002	12.377.530	52.479.301	(5.489.029)	(66)	(40.900.639)	18.467.097
Árið 2003	18.467.097	51.436.749	(54.338.594)	(138.000)	(9.211.753)	6.215.499
Árið 2004	6.215.499	32.123.869	(12.465.059)	(690)	(25.330.489)	543.130
Árið 2005	543.130	30.906.483	(2.282.680)		(19.037.593)	10.129.340
Árið 2006	10.129.340	30.791.689	(9.715.385)		(27.661.746)	3.543.898
Árið 2007	3.543.898	24.179.956	(10.805.553)		(16.338.390)	579.911
Árið 2008	579.911	38.854.117	9.746.550		(48.466.272)	714.306
Árið 2009	714.306	259.543.168	(1.067.437)	(28.350)	(253.612.549)	5.549.138
Árið 2010	5.549.138	43.943.176	17.231.410	(3.360)	(46.584.109)	20.136.255
Árið 2011	20.136.255	39.219.961	(15.473)	(10.411)	(59.244.277)	86.055
Árið 2012	86.055	42.055.975	3.898.098	(4.440)	(45.570.932)	464.756
Árið 2013	464.756	44.427.855	(258.650)	(24.671)	(44.345.968)	263.322
Árið 2014	263.322	45.374.312	181.807	(35.363)	(45.144.628)	639.450
Árið 2015	639.450	46.534.916	3.920	(27.151)	(46.635.676)	515.459
Árið 2016	515.459	47.168.921	(12)		(47.024.812)	659.556
Árið 2017	659.556	46.998.506	(857.361)	(66.958)	(46.064.874)	668.869
		904.831.024	(66.233.448)	(339.460)	(837.589.247)	

Samþykkt framlög úr hafa verið eftirfarandi síðustu 18 árin samkvæmt gögnum PFS. Neyðarlínan hefur fengið meginhluta framlagsins vegna reksturs neyðarþjónustu en Síminn hefur einu sinni fengið framlag.

Tafla 3

Ár	Framlög
Árið 2000.....	18.618.302
Árið 2001.....	20.496.000
Árið 2002.....	20.496.000
Árið 2003.....	23.889.600
Árið 2004.....	26.735.628
Árið 2005.....	25.440.000
Árið 2006.....	25.440.000
Árið 2007.....	192.921.277
Árið 2008.....	30.100.000
Árið 2009.....	33.371.618
Árið 2010.....	38.230.601
Árið 2011.....	41.900.000
Árið 2012.....	46.313.868
Árið 2013.....	55.802.000
Árið 2014.....	55.959.000
Árið 2015.....	58.980.000
Árið 2016.....	59.488.798
Árið 2017.....	64.763.629
	838.946.321

Á árinu 2017 varð eins og fram kemur í kafla I varð sú breyting að jöfnunarsjóður var lagður niður. Eftir breytinguna rennur álagt jöfnunargjald á fjarskiptafyrirtæki nú beint í ríkissjóð en á móti er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði þann kostnað sem til fellur vegna alþjónustu sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af jöfnunargjaldi.

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2017, sem er fyrsta árið sem hinar nýju reglur eru í gildi, voru tekjur skv. framlagi ríkissjóðs 45,7 millj. kr. og framlög og tilfærslur 64,8 millj. kr. og því varð afkoma ársins neikvæð um 19,1 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign 8,9 millj. kr. og eignir námu samtals 8,9 millj. kr.